

# Fundargerð

## samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga -

### Jónsmessunefndar

#### 24. febrúar 2020

Árið 2020, 24. febrúar kl. 15:00 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í húsakynnum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, í Reykjavík.

Fundinn sátu: Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi (í fjarveru Ragnhildar Hjaltadóttur), Aldís Hafsteinsdóttir, formaður sambandsins, Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins og Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, boðuðu forföll.

Einnig sátu fundinn: Guðrún Ögmundsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Tinna Dahl Christiansen, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn: Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur hjá sambandi Íslenskra sveitarfélaga, undir lið 1. Eiríkur Benónýsson, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hjá sambandi Íslenskra sveitarfélaga og Björn Þór Hermannsson, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu undir lið 2 og 5. Benedikt Árnason, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu undir lið 5.

Þetta var tekið fyrir:

#### **Dagskrá:**

##### **1. Samspil opinberra framfærslukerfa gagnvart föngum í afplánun.**

Tryggvi Þórhallsson mætti á fund nefndarinnar og fylgdi eftir aðsendu erindi Grábókarnefndar, dags. 28. janúar 2020, um samspil opinberra framfærslukerfa gagnvart föngum í afplánun. Lagt er til að gerðar verði gagngerar breytingar á lögum um þau opinberu framfærslukerfi sem hafa mesta þýðingu gagnvart föngum í afplánun. Markmið breytinganna er að skýra réttarstöðu fanga á meðan þeir afplána fangelsisrefsingu og að henni lokinni. Jafnframt verði verklag endurskoðað og leiðbeiningar gefnar út til þess að eyða gráum svæðum sem nú eru til staðar á milli stjórnsýslustiga og stofnana.

*Að umræðu lokinni ákvað nefndin að fá breiðari rýni frá ríkinu og tryggja að málið fái þá skoðun sem þarf ásamt því að kalla eftir kostnaðarmati á breytingunum.*

## 2. Undirbúningur að gerð samkomulags á grundvelli LOF

### a. Umræður um fjárhagslegar áherslur FJR og sambandsins

Guðmundur Árnason fór yfir áherslur fjármála- og efnahagsráðuneytisins í vinnu við mótun fjármálaáætlunar. Aldís Hafsteinsdóttir og Karl Björnsson ræddu um hvort vænlegt væri að hið opinbera myndi auka fjárfestingar á næstu árum í viðleitni til að milda áhrif fyrirséðs samdráttar í þjóðarbúskapnum.

### b. Verkefnaáætlun samráðsnefndar um opinber fjármál

Eiríkur Benónýsson, Sigurður Ármann Snævarr og Björn Þór Hermannsson komu sem gestir undir öðrum lið. Farið var yfir stöðu hagkerfisins og hagþróun, kom fram í máli þeirra að það stefnir í halla hjá ríkissjóði, samdrátt og hægan hagvöxt.

*Að lokinni yfirferð var ákveðið að kalla þyrfti eftir tölum frá samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál áður en hægt væri að halda vinnunni áfram. Ákveðið var að fá nefndina á aukafund fyrir næsta reglulega fund Jónsmessunefndar.*

### c. Áherslur Jónsmessunefndar um sameiginleg verkefni

Lagt var fram til kynningar fyrstu drög að samkomulagi á grundvelli LOF með skilgreindum sameiginlegum verkefnum.

*Sammælst var um að nota næstu viku til að rýna betur orðalag samkomulagsins og gera það skýrara í anda þingsályktunartillögunnar.*

Guðmundur Árnason fór af fundi kl. 16:05.

## 3. Fundargerðir undirnefnda

Lagðar voru fram til kynningar fundargerðir nr. 21 og 22 frá samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um skýra verka- og ábyrgðarskiptingu í opinberri þjónustu, svokallaðrar Grábókarnefndar, frá 3. desember 2019 og 14. janúar 2020.

## 4. Staða á framkvæmd þingsályktunartillögunnar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga

Erindinu var frestað fram á næsta fund.

## 5. Önnur mál.

Benedikt Árnason, sem leiðir vinnu átakshóps um úrbætur á innviðum í kjölfarið á fárviðrinu í desember, mætti á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir vinnu starfshópsins.

Næsti fundur nefndarinnar verður 11. mars kl. 15:00.

Fundi var slitið kl. 16:30.

-TDC-